

Mánudaginn 21. apríl 1947.

Nr. 78/1946. **Guðbjörg Árnadóttir** (Hrl. Gústaf A. Sveinsson)
gegn

Ólafi Bjarnasyni og Önnu Ólfjörð

(Hrl. Theódór B. Lindal).

Setudómarar hrl. Einar B. Guðmundsson
og próf. Ísleifur Árnason í stað hrd. Árna
Tryggvasonar og hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Úrskurður fúgetadóms ómerktur.

Dómur hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson, borgarfúgeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem hefur fengið gjafsókn og sér skipaðan talsmann í máli þessu þann 21. maí f. á., hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 7. júní s. á. skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 14. s. m. Gerir hann þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða úrskurði verði breytt á þá leið, að lagt verði fyrir fúgeta að gera fjárnám í öllum séreignum og hjúskapareignum beggja hinna stefndu hjóna til tryggingar kröfu, að fjárhæð kr. 2423.33 auk vaxta og málskostnaðar, samkvæmt dómi bæjarþings Reykjavíkur 20. marz 1945 í máli áfrýjanda gegn stefnda Ólafi. Svo krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Hvernig sem málið fer, krefst hann málssóknarlauna talsmanni sínum til handa eftir mati hæstaréttar.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda til hvors þeirra fyrir sig eftir mati dómsins.

Eins og í hinum áfrýjaða úrskurði segir, fer um fjármál hinna stefndu hjóna eftir lögum nr. 20/1923. Samkvæmt þeim lögum er hvort hjóna um sig sjálfstæður aðili um fjármál sín, og ber annað hjóna ekki ábyrgð á skuldum hins, hvorki með hjúskapareign sinni né séreign, nema sérstök heimild til þess sé fyrir hendi. En úr því, hvort stefnda Anna Ólfjörð beri ábyrgð á umræddri dómskuld, verður aðeins skorið í máli, sem höfðað væri á hendur henni til

greiðslu skuldarinnar. En dómur í slíku máli hefur ekki gengið. Verður því fjárnám ekki gert í hjúskapareign hennar né séreign, þegar af þeirri ástæðu, að aðfarargrundvöllur er ekki fyrir hendi, að því er hana varðar.

Í máli þessu hefur m. a. verið um það deilt, hvaða munir væru hjúskapareign eða séreign hvors hinna stefndu um sig. En í rekstri málsins fyrir fúgetaréttinum hefur áfrýjandi ekki krafizt fjárnáms í sérstaklega tilgreindum munum. Skrásetning muna eða virðing hefur eigi heldur farið fram. Þar sem það kemur því ekki glöggt í ljós, um hvaða muni er deilt, verður að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð, og vísa málinu heim til löglegrar meðferðar í fúgetaréttinum.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í hæstarétti falli niður. Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda hér fyrir dómi, Gústafs A. Sveinssonar hrl., 600 krónur, greiðast úr ríkissjóði.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera ómerkur.

Málskostnaður í hæstarétti fellur niður. Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda, Gústafs A. Sveinssonar hrl., kr. 600.00, greiðast úr ríkissjóði.

Úrskurður fúgetaréttar Reykjavíkur 31. október 1945.

Í máli þessu, sem var að undangengnum munnlegum flutningi tekið til úrskurðar 23. þ. m., krafðist gerðarbeiðandi, Guðbjörg Árnadóttir, hér í bæ, upphaflega þess, að gert yrði fjárnám hjá gerðarþolanum Ólafi Bjarnasyni, Lindargötu 32 hér í bænum, til tryggingar skuld samkvæmt dómi, uppkveðnum á bæjarþingi Reykjavíkur 20. marz s. l., í málinu nr. 402/1944: Guðbjörg Árnadóttir gegn Ólafi Bjarnasyni, að upphæð kr. 2423.33 með 6% ársvöxtum frá 11. marz 1943 til greiðsludags og kr. 350.00 í málskostnað svo og öllum kostnaði við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur. Er gerð þessi var fyrst tekin fyrir, mætti gerðarþoli Ólafur og lýsti yfir því, að hann væri með öllu eignalaus og að þær eignir, sem til væru á heimili sínu, hefði kona sin, Anna Ólfjörð, allar komið með í búíð í upphafi og að frá giftingu þeirra hefði engin eignaaukning orðið í búinu. Krafðist gerðarbeiðandi þess þá, að fjárnámið yrði gert í munum þessum, en því mótmælti gerðarþoli og taldi, að munir þessir stæðu ekki til tryggingar áðurgreindri

dómkröfu, sem væri sín persónuleg skuld og til orðin áður en stofnað var til hjúskapar síns.

Við annað réttarhald í máli þessu óskaði kona gerðarþola, Anna Ólfjörð, að fá að ganga inn í málið sem gerðarþoli ásamt manni sínum. Var sú meðalganga leyfð með samþykki umboðsmanns beggja aðilja.

Hefur meðalgönguaðilinn gert sömu kröfur og haft uppi sömu mótmæli í málinu sem hinn gerðarþolinn og auk þess krafizt málskostnaðar sér til handa.

Við munnlegan flutning málsins tók umboðsmaður gerðarþola fram, að framgangi hinnar umbeðnu fjárnámsgerðar væri ekki mótmælt, að því er varðaði gerðarþolann Ólaf Bjarnason, ef fjárnámið yrði gert í einhverjum þeim verðmætum, sem hann ætti og fjárnámi yrðu tekin fyrir skuldum hans. Snýst því deiluatríði máls þessa um það fyrst og fremst, hvort þær eignir, sem þegar er upplýst að til séu í búi gerðarþola, séu hjúskapareign konunnar eða að einhverju eða öllu leyti hjúskapareign mannsins, og ef svo verður litið á, að þær séu hjúskapareign konunnar, hvort þær standi þá til tryggingar áðurgreindri kröfu, þannig að fjárnám verði gert í þeim til tryggingar henni.

Af hálfu gerðarbeiðanda er því haldið fram í málinu, að búslóð gerðarþola muni a. m. k. ekki að öllu leyti vera hjúskapareign konunnar, þar eð maðurinn muni hafa lagt einhverja hluti með sér í búið, en ekki hefur hann bent á, hvaða hluti maðurinn muni hafa lagt til né hvert verðmæti þeirra muni vera. Í öðru lagi hefur gerðarbeiðandi bent á, að gerðarþolinn Anna Ólfjörð sé skrifuð fyrir 1000 kr. hlut í fyrirtækinu Matthildi Björnsdóttur h/f, og hafi hún eignazt hlut þenna fyrir tæpum tveim árum, og muni hún hafa notað til þess aflafé manns síns, og eigi hlutafjäreign þessi því alls ekki að vera undanskilin fjárnámi fyrir margumræddri kröfu.

Enn fremur hefur gerðarbeiðandi haldið fram þeirri skoðun, að allar eignir hjóna, sem ekki eru sérstaklega undanskildar með kaupmála, standi til tryggingar skuld hvors hjónanna sem er án tillits til þess, hvenær til skuldarinnar sé stofnað, og leiði af þessu, að það sé þýðingarlaust fyrir úrslit málsins, hvenær og hvernig gerðarþolar hafi eignazt fjármuni sína, þeir standi til tryggingar fjárnámskröfunni allt að einu.

Eins og fyrr getur, byggja gerðarþolar mótmæli sín gegn framgangi gerðarinnar á því, að gerðarþolinn Anna hafi lagt í bú þeirra hjóna alla húsmuni þeirra, er þau gengu að eigast á árinu 1938, og hafi búslóð þeirra ekkert aukizt síðan. Telja gerðarþolar búslóðina því vera hjúskapareign Önnu samkvæmt 1. mgr. 17. gr. laga nr. 20 frá 20. júní 1923, en af því leiði, að búslóðin standi ekki til tryggingar margumræddri fjárnámskröfu, sem til sé orðin, áður en stofnað var til hjúskapar þeirra.

Varðandi hlutabréf það, er áður getur, hefur gerðarþolinn Anna gefið þá skýringu, að hún hafi fengið lánað fé hjá einum eiganda hlutafélagsins, Matthildi Björnsdóttur, til að innleysa hlutabréf þetta, og sé sú skuld ógreidd enn þá og óvist, hvort hún muni leysa til sin bréfið eða því verði ráðstafað á annan hátt, enda telur hún, að bréfið sé sett Matthildi Björnsdóttur að handveði fyrir andvirði þess. Vottorð, sem Matthildur Björnsdóttir hefur gefið um þetta atriði, fer mjög í sömu átt og það, sem haldið hefur verið fram af hálfu gerðarþola.

Gerðarþolar máls þessa gengu í hjónaband á árinu 1938, og fer því um fjármál þeirra eftir því, sem fyrir er mælt í lögum nr. 20 frá 20. júní 1923, enda verður eigi séð, að þau hafi gert aðra skipun á um þau málefni. Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. nýnefndra laga verður allt það, sem annað hjóna á við giftingu eða eignast síðar, hjúskapareign þess, að svo miklu leyti, sem það ekki er séreign.

Í málinu hefur verið lagt fram vottorð þeirra S. Ágústu Magnúsdóttur, Matthildar Björnsdóttur, Margrétar Halldórsdóttur og Jónu B. Svavars, dags. 26. f. m., þess efnis, að öll búslóð gerðarþola hafi fyrir hjónaband þeirra verið eign gerðarþolans Önnu og hafi ekkert við búslóðina bætzt, frá því að til hjúskaparins var stofnað. Vottorð þetta hefur að vísu ekki verið staðfest fyrir rétti, en því hefur ekki verið mótmælt sem óstaðfestu, en svo sem áður greinir, hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda mótmælt því sem röngu, án þess þó að hann hafi bent á nokkrar sérstakar eignir, sem hann telur gerðarþolann Ólaf hafa lagt til búans, eða sem til hafi orðið eftir stofnun hjúskaparins. Gegn áðurgreindu vottorði og mótmælum beggja gerðarþola verður þessi staðhæfing gerðarbeiðanda ekki tekin til greina og verður því að byggja á því, að húsmunir allir séu hjúskapareign gerðarþolans Önnu samkvæmt því, er áður greinir um fyrirmæli 1. mgr. 17. gr. laga nr. 20 frá 1923.

Engar líkur hafa verið færðar fram um það, að gerðarþolinn Ólafur hafi lagt fram fé til kaupa á hlut þeim, er áður getur, að gerðarþolinn Anna er skrifuð fyrir í h/f Matthildi Björnsdóttur. Sá hlutur hefur ávallt verið á hennar nafni og verður að byggja á því, að hann sé hjúskapareign hennar, á meðan ekki hafa verið færðar líkur að því gagnslæða.

Niðurstaða þess, er að framan getur, verður þá sú, að verðmæti þau, sem um er deilt í máli þessu, hvort fjárnámi skuli taka til tryggingar áðurgreindri dómsskuld, verða að teljast hjúskapareign gerðarþolans Önnu. Er þá næst að athuga, hverju þessi niðurstaða veldur um framgang hinnar umbeðnu fjárnámsgerðar í munum þessum.

Samkvæmt 25. gr. laga nr. 20 frá 1923 ber hvort hjóna um sig ábyrgð á skuldbindingum þeim, sem á því hvíla, bæði með hjúskapar- og séreign sinni, hvort sem þær skuldbindingar eru stofnaðar á undan

hjónabandinu eða meðan það stendur. Hér er það ekki nefnt, að annað hjóna beri ábyrgð á skuldbindingum sínum með hjúskapareign hins hjónanna, og væri orðalag greinarinnar villandi, ef ætlað hefði verið til, að svo væri. Þykir því verða að leggja þann skilning í orðalag greinar þessarar, að hvort hjóna um sig beri ábyrgð á skuldbindingum sínum *aðeins* með séreign og hjúskapareign *sinni*, enda kemur sá skilningur bezt heim við þann tilgang laganna að veita hvoru hjóna um sig sem óháðastan umráðarétt yfir þeim fjármunum, sem það eignast, bæði innbyrðis og gagnvart 3ja manni.

Það er óvæfengt í málinu, að dómskuld súa, sem hér er beiðst fjárnáms fyrir, er til orðin vegna skuldbindingar, sem gerðarþólinn Ólafur hefur gengizt undir, áður en hann stofnaði til hjúskapar með gerðarþólanum Önnu. Verður því samkvæmt því, sem að framan er rakið, að synja um hina umbeðnu fjárnámsgerð í munum þeim, sem samkvæmt framanrituðu verða að teljast hjúskapareign hennar. Hins vegar hefur því ekki verið mótmælt, að gerðin nái fram að ganga, að því er varðar hjúskapar- eða séreign gerðarþólans Ólafs, ef slíkar eignir kynnu að finnast, og ber því að leyfa framgang gerðarinnar, að því er hann varðar.

Rétt þykir, að sérstakur málskostnaður, sem leiða kann af því, að fjárnám þetta hefur orðið viðameira og kostnaðarsamara en almennt gerist um slíkar gerðir, falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna fjárnámsgerð skal fram fara, að því er varðar gerðarþólann Ólaf, í eigum hans, hjúskapareign eða séreign. Hins vegar ber að synja um, að fjárnámið verði gert í hjúskapar- eða séreign gerðarþólans Önnu, þar með töldum þeim eignum, sem samkvæmt framanrituðu ber að skoða sem hjúskapareign hennar.

Sérstakur málskostnaður af máli þessu fellur niður, en um venjulegan fjárnámskostnað á hendur gerðarþólanum Ólafi skal fara eftir því, sem ákveðið kann að verða, er gerðinni verður lokið á hendur honum.